HÚSAVÍK

Hugmyndir Gb5 ehf. um styrkingu miðbæjarins

Verkefninu slegið á frest, að svo stöddu

Í júní á síðasta ári skrifaði ég fyrir hönd Gb5 ehf. grein þar sem ég kynnti hugmyndir um uppbyggingu við Kaupfélagshúsið. Þar lét ég í ljós að við myndum kynna verkefnið frekar samhliða þróun þess.

Nú er ljóst að framkvæmdunum verður frestað. Ekki náðist samkomulag við skipulagsyfirvöld Norðurþings um útfærslu verkefnisins innan þeirra tímamarka sem við settum okkur. Þau mörkuðust af því að fara ekki með framkvæmdirnar of nærri þensluáhrifum vegna iðnarðaruppbyggingar á svæðinu.

Við sem stöndum að verkefninu viljum samt sem áður kynna hugmyndirnar og vonum að þær verði innlegg í umræðu um það hvernig við sem samfélag viljum hafa miðbæ Húsavíkur í framtíðinni.

Almenn meginmarkmið hugmynda

Okkar meginmarkmið í hönnunarferlinu var að framkvæmdirnar stuðluðu að jákvæðri þróun miðbæjarins.

Fyrsta atriðið sem okkur verður hugsað til er sá gamli sannleikur að maður er manns gaman. Það hlýtur að vera eftirsóknarvert að geta stuðlað að því að fólk sjái hvert annað í fallegu umhverfi. Til að svo megi verða þarf að vinna markvisst að slíkum markmiðum.

Annað atriði sem margir sammælast vonandi um er að við viljum sterka verslun og þjónustu á Húsavík. Við viljum að fyrirtækin í bænum hafi sem allra bestar aðstæður til að blómstra og veita okkur sem njótum þjónustu þeirra ánægju. Varðandi þetta atriði vitnum við nú í annað skipti í Hávamál.

Hrörnar þöll
sú er stendur þorpi á.
Hlýrat henni börkur né barr.
Svo er maður
sá er manngi ann,
hvað skal hann lengi lifa?

Fyrri hluti vísunnar fjallar um tré sem grær ekki á berangri. Í seinni hlutanum er spurt hvort hið sama gildi ekki um manninn. Gildir það sama ef til vill um lítil fyrirtæki á Húsavík? Við teljum að það geti skilað fyrirtækjum í bænum ótrúlega miklu ef þau fá sem best tækifæri til að styrkja hvert annað. Með þessu erum við alls ekki að halda því fram að núverandi ástandi megi líkja við eyðilegan berangur. Við erum fyrst og fremst að velta upp hugmyndum um hvernig búa megi verslun og þjónustu sem allra bestar aðstæður til hagsbóta fyrir samfélagið.

Þriðja atriðið sem við minnumst á er fegurð. Við teljum ekki vera gagnlegt í umræðu um byggingar og skipulagsmál að afgreiða hana með þeim hætti að fegurð sé bara háð smekk. Við verðum að gera miklar kröfur til hönnuða. Um leið þurfum við að hafa í huga að fegurð getur verið margslungin eins og við þekkjum úr öðrum listgreinum. Við þurfum að vera opin fyrir því að það sem er framandi, og virðist tormelt í fyrstu, getur verið áhugavert þegar betur er að gáð.

Aðstæður á Húsavík

Með vísan í fyrsta atriðið hér að framan álítum við mikilvægt að skapa markvisst í bænum staði þar sem fólk hittist, einnig fyrir tilviljun. Við teljum að það gerist helst á einhverskonar krossgötum í tengslum við staði þangað sem fólk á erindi. Þar er erindið algert lykilatriði, því mikilvægt er að hanna ekki út frá óraunhæfum forsendum. Í þessu



Breytt lykilásýnd bæjarins úr vestri. Nýbyggingin minnir á burstabæ en er um leið nýstárleg. Form burstanna er einnig vísun í ýmis eldri hús í bænum. Vel sést hvernig tekist hefur að fela hina miklu stærð nýbyggingarinnar.
Teikning: Árni Árnason

sambandi teljum við að einnig þurfi að huga að fjölbreyttri nýtingu húsnæðisins. Þannig að þar verði verslun og þjónusta, en einnig íbúðir. Það tryggir að húsin verði alltaf lifandi.

Okkur finnst Háskólatorg Háskóla Íslands vera vel heppnað dæmi um stað þar sem markvisst er hugað að því að fólk komi saman. Er það ein af fyrirmyndum okkur í hönnunarvinnunni. Þar er hugsað fyrir því að sem flestar gönguleiðir um háskólasvæðið skerist á einum stað. Það gerist í stóru og fallegu opnu rými í anddyri hússins. Þar er svo komið fyrir ýmsu sem fólk sækir í. Þar er helsta mötuneyti skólans, þar er bóksala stúdenta með bókakaffi, þar er Stúdentakjallarinn, þar eru lesstofur og tölvuherbergi auk helstu þjónustu háskólans við nemendur sína. Allt hverfist þetta um fyrrnefnt rými þar sem gönguleiðirnar liggja á milli hringborða sem nýta má hvort sem er til að læra eða borða og njóta um leið útsýnis yfir að Skólavörðuholti. Huga ætti að því hvort þessa fyrirmynd mætti nýta í hugsanlegum nýbyggingum.

Ef við höldum okkur við líkinguna við trjálund þá verðum að spyrja okkur að því í tilfelli Húsavíkur hversu stór lundurinn er í raun og veru. Að okkar mati eigum við ekki að hika við að viðurkenna að hann sé minni heldur en stærri. Við teljum réttara að byrja þétt og leyfa honum að stækka heldur en að skilgreina hann of gisinn í upphafi. Um leið verður þessi hugsun að okkar mati að byggja á grunni sögunnar. Garðarsbrautin er sögulegur ás bæjarins, og gamla athafnasvæði Kaupfélagsins er þar mikilvægur punktur.

Við höfum ávallt talið staðsetningu aðal matvörumarkaðar bæjarins vera gífurlega mikilvæga fyrir styrk verslunar- og þjónustuhluta miðbæjarins sem heildar. Er hægt að hugsa sér styrkari stofn miðað við núverandi aðstæður á Húsavík? Heimsóknir í matvörumarkað skipta tugum þúsunda í hverjum mánuði allt árið um kring og gestirnir eru úr fjölbreyttari hópum samfélagsins en flest önnur fyrirtæki mega vænta við hversdagslegar aðstæður. Verðmæti þessa er gífurlegt fyrir aðra aðila ef þeim eru gefnar aðstæður til að njóta. Þess vegna er staðsetning matvörumarkaðar að okkar mati mjög þýðingarmikil ákvörðun sem er á höndum skipulagsyfirvalda. Mikil ábyrgð felst í því hvernig staðið er að henni. Að okkar mati býður núverandi aðalskipulag Norðurþings ekki upp á rými fyrir þá hugmynd eins og við lýsum í þessari grein.

Hlutverk Gb5 ehf.

Við sem stöndum að Gb5 ehf. berum ábyrgð á húsunum að Garðarsbraut 5. Þau eru Kaupfélagshúsið og Garðar. Þau tengjast sterkt langri sögu verslunar og þjónustu á



Háskólatorg Háskóla Íslands. Hér er hugsað fyrir því að koma fólki saman í fallegu rými. Til að draga fólk á staðinn eru gönguleiðir á háskólasvæðinu látnar koma saman í þessu rými, innan um borð þar sem fólk getur setið, auk þess sem þar er komið fyrir þjónustu sem fólk sækir í dagsdaglega.
Ljósmynd: Hróbjartur Sigurðsson



Ásýnd af Garðarsbraut úr suðvestri. Hús skapa götumynd, verslunarrými á jarðhæð opnast út á götuna, nýbyggingar eru smágerðar í samanburði við Kaupfélagshúsið.

Teikning: Árni Árnason

Húsavík og reyndar um leið verslunarsögu landsins alls. Þessi saga er lifandi enn í dag, enda er aðalmatvörumarkaður bæjarins ennþá í húsinu ásamt öðrum verslunum og ýmissi starfsemi. Verkefni okkar er að viðhalda henni og þróa á tímum þegar kröfur til verslunarrýmis eru aðrar en voru á árum áður.

Við þekkjum af eigin raun áhrif matvörumarkaðsins sem lýst var hér á undan. Frá upphafi hefur hann verið traustur grundvöllur umsvifa í miðbænum og hafa Samkaup staðið með okkur í þróunarvinnu okkar. Okkur hefur verið mikið í mun að gera allt sem í okkar valdi stendur til að skapa aðstæður sem henta betur en núverandi húsnæði sem er barn síns tíma. Það sem við lögðum upp með var að framkvæmdin nýttist til að hlutverk matvörumarkaðarins sem hins trausta stofns sem lýst var hér að framan verði styrkt til hins ítrasta.

Helstu áskoranir í hönnun

Þegar kemur að hönnuninni má segja að áskoranirnar séu fyrst og fremst tvær.

Annars vegar er það hönnun einhverskonar rýmis þar sem straumar fólks mætast og eru nýttir til að skapa spennandi umhverfi þar sem ólíkar verslanir og þjónusta njóta um leið nálægðar við fólksstrauminn.

Hins vegar er það hinn stóri gólfflötur og hin háa lofthæð sem nútíma matvörumarkaður byggir á. Það má ekki með nokkru móti koma niður á yfirbragði miðbæjarins eða sess Kaupfélagshússins sem stórs og reisulegs húss.

Önnur atriði snúa fyrst og fremst að almennum kröfum um fagra og snjalla hönnun. Við viljum að í byggingunum geti blómstrað fjölbreytt starfsemi ásamt því sem við höfum séð fyrir okkur að koma mætti fyrir íbúðum. Við leitumst við að láta húsin falla saman við miðbæinn þannig að hvort tveggja vinni saman sem ein heild. Við viljum að hönnunin vísi í umhverfið og fortíðina án þess að vera klisjukennd. Við viljum að húsin leggi til götumyndir. Svona mætti lengi telja.

Útfærsla nýbygginga

Sú hönnunarvinna sem farið hefur fram er engan veginn endanleg. Fyrst og fremst vildum við vera sannfærðir um að framangreindar hugmyndir mætti leysa með raunhæfum hætti. Þess vegna verður að taka öllum lýsingum og myndum með fyrirvara um breytingar sem orðið hefðu í framhaldi hönnunarvinnunnar.

Það fyrsta sem við teljum að hafa verði í huga við þessa hönnun er sess Kaupfélagshússins. Þrátt fyrir að Kaupfélagshúsið hafi verið byggt þétt upp við Garðar þá má segja að það sé hannað til að njóta sín eitt og sér. Gaflar hússins, og bakhliðin, hafa sitt gildi rétt



Úr suðaustri. Húsaröð við Garðarsbraut felur stórt rými matvörumarkaðarins sem er á bakvið. Meðfram Ketilsbraut er sambærileg húsaröð sem gegnir sama hlutverki. Sunnan við nýbygginguna er skjólgott rými. Anddyri á milli nýbygginga og gamla hússins er opið bæði til austurs og vesturs.

Teikning: Árni Árnason

eins og framhliðin. Að okkar mati þurfa nýjar byggingar því að vera hæfilega aðgreindar frá Kaupfélagshúsinu.

Með það að markmiði að fela rými matvörumarkaðarins sjáum við fyrir okkur að koma því fyrir á miðri vannýttu lóðinni norðan Vallholtsvegar. Vestan megin þess, meðfram Garðarsbrautinni, yrði komið fyrir húsaröð sem hyldi það að fullu. Sama þarf að gera að austanverðu. Í samræmi við smáan skala bæjarins, og til þess að Kaupfélagshúsið viðhaldi sér sem „stóra húsið“ í miðbænum, yrðu þessar húsaraðir hafðar eins smágerðar og mögulegt væri. Bæði með því að halda hæð þeirra í lágmarki og með því að brjóta þær upp í fjölbreyttar einingar sem hafðar eru hærri en nemur breidd þeirra.

Hinar nýju byggingar á norðurlóðinni myndu tengjast gamla húsinu með byggingu sem hönnuð yrði með því markmiði að draga sig sem allra mest í hlé þegar horft væri á hana úr vestri. Hún beindi þess í stað athyglinni að húsunum sem lægju að henni á báða vegu. Hún gegndi hlutverki anddyris í hinu nýja húsi með óhindruðu flæði í gegnum húsið, frá austri til vesturs, ásamt tengingu á milli nýja og gamla hússins. Það er sá hluti hússins sem meðal annars er innblásinn af Háskólatorgi en okkar von var að þar yrði áningarstaður, svo fólk gæti sest niður „í anddyri Kaupfélagsins“ innan um strauma fólks í ýmsum erindum.

Vesturhlið húsanna snýr að Garðarsbraut, aðalgötu bæjarins. Jarðhæð Kaupfélagshússins gengi í endurnýjun lífdaga. Við gerðum ráð fyrir að gera upp útstillingargluggana sem hafa verið byrgðir svo árum skipti og bjóða rýmin fyrir innan þá undir hverslags verslun og þjónustu sem hefði hag að því að opnast út á aðalgötu bæjarins. Sama er að segja um nýju húsaröðina meðfram vesturhlið nýja hússins. Möguleiki er á að hafa innganga á þessum hliðum eins marga og talið er henta þó einnig væri innangengt í verslunarrýmin úr anddyri hússins. Efri hæðir húsanna yrðu, líkt og í dag, nýttar sem skrifstofurými með útsýni til vesturs yfir höfnina og flóann. Við sáum einnig fyrir okkur að þar mætti koma fyrir íbúðum, meðal annars á lofti Kaupfélagshússins.

Að okkar mati ætti ekki að vera verslun og þjónusta í húsaröðinni sem hyldi matvörumarkaðarrýmið að austanverðu. Öll slík uppbygging ætti að beinast að Garðarsbrautinni. Í austurhliðinni, sem yrði brotin upp á sama hátt og vesturhliðin, sáum við fyrir okkur að koma mætti fyrir íbúðum. Auk þess sem hlutar jarðhæða þeirra nýttust hugsanlega matvörumarkaðnum. Miðað við



Norðvesturhorn nýbyggingar. Hornið er haft svipmikið.
Teikning: Árni Árnason

þessar hugmyndir gætu nýjar íbúðir jafnvel orðið fleiri en tíu í verkefninu í heild.

Eins og sjá má á myndum sem fylgja greininni má sjá viss líkindi með hönnun húsanna og gamla burstabænum. Þrátt fyrir það er útlitið nýstárlegt. Ákveðin óregla er ríkjandi sem Þorgrímur Sigurjónsson fastagestur á kaffistofunni í Garðari, líkti svo snilldarlega við fjallgarð, þeir eru jú langt í frá reglulegir. Hæð húsanna er hófleg. Heilar hæðir eru tvær og engin burstanna er verulega há í samanburði við Kaupfélagshúsið.

Nýliðinn ferill verkefnis

Þessar hugmyndir falla ekki að núgildandi deiliskipulagi svæðisins né uppdrætti sem gerður var af miðbænum í tengslum við gerð núverandi aðalskipulags Norðurþings. Breytt skipulag var þess vegna forsenda framkvæmdanna. Hugmyndunum var haldið á lofti við gerð núverandi aðalskipulags Norðurþings en ekki var vilji á þeim tíma til að gera ráð fyrir þeim í þeirri vinnu. Með nýjum meirihluta kvað við jákvæðari tón að hálfu bæjaryfirvalda og hófst þar með sú lota verkefnisins sem staðið hefur yfir.

Þegar við tókum verkefnið aftur upp sumarið 2014 settum við það sem skilyrði að komast af stað með framkvæmdir áður en liði of nærri þensluáhrifum vegna iðnaðaruppbyggingar. Hér er um það umfangsmikla framkvæmd að ræða að enga áhættu má taka með röskun á kostnaðarforsendum sem hætta er á þegar þensla er í hámarki. Iðnaðaruppbyggingin sem farin er af stað stendur því ekki með verkefninu. Að okkar mati hafa framkvæmdirnar aldrei staðið og fallið með iðnaðaruppbyggingu og hefðum við gjarnan viljað hefja framkvæmdir fyrir allmörgum árum þegar aðstæður voru að okkar mati heppilegri.

Miðað við þetta hefði samkomulag um skipulag þurft að liggja fyrir í október 2015 svo hefja mætti verklegar framkvæmdir strax og veður leyfði á útáliðnum vetri 2016. Mikið lá því við að ná samningum við aðlæga lóðarhafa og skipulagsyfirvöld Norðurþings síðastliðið haust. Niðurstaða náðist ekki í tíma og við ákváðum því að fresta verkefninu.

Horfa má til þess að jákvætt væri fyrir samfélagið ef svo umfangsmikil framkvæmd fylgdi í kjölfar þeirrar iðnaðaruppbyggingar sem farin er af stað.

Að endingu

Frestun verkefnisins skilur það eftir í ákveðinni óvissu sem er óheppileg fyrir alla aðila. Eftir margra ára vinnu með fagmönnum að framgangi þessa verkefnis, sem nú enn einu sinni endar með því að framkvæmdir komast ekki af stað, er farið að örla á þreytu hjá föður mínum, Þorgeir Birni Hlöðverssyni sem leitt hefur verkefnið frá upphafi. Frestunin gefur samt sem áður öðrum áhugasömum tækifæri til að koma að hugmyndinni og þróa hana frekar. Nú er bara að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.

Fyrir hönd Gb5 ehf.,
Hlöðver Stefán Þorgeirsson